



## Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Ágæti viðtakandi.

Deigi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta og annað sinn fimmtudaginn 16. nóvember 2017.

Þá skal draga fána að hún á húsum opinberra stofnana.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að huga að því að nota 16. nóvember, eða dagana þar í kring, til að hafa íslenskuna alveg sérstaklega í öndvegi.

Í ár hvetjum við nemendur og kennara til að vinna saman að gerð örmyndbanda þar sem leitað verður svara við tveimur spurningum: *Af hverju er íslenskan mikilvæg fyrir þig?* og *Af hverju ert þú mikilvæg/-ur fyrir íslenskuna?* Myndböndin mega ekki vera lengri en ein mínúta og hugmyndin er að skólarnir birti þau í kjölfarið á vefsíðum sínum og á samfélagsmiðlum. Valin myndbönd verða kynnt á Facebook-síðu dags íslenskrar tungu. Merkja skal myndböndin með myllumerkinu #daguríslenskrartungu en þeim má einnig deila á vegg dags íslenskrar tungu á Facebook.

Minnt er á vefinn [www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/](http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/) og síður dags íslenskrar tungu á Facebook og Twitter.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2017. Þeir sem vilja kynna viðburði sína á vef dags íslenskrar tungu eru hvattir til að senda upplýsingar á netfangið [eva.maria.jonsdottir@arnastofnun.is](mailto:eva.maria.jonsdottir@arnastofnun.is). Þangað má jafnframt beina fyrirspurnum um hvað eina sem varðar hátíðisdaginn.

Með vinsemd og virðingu,

Kristján Þór Júlíusson  
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal  
forstöðumaður Stofnunar Árna  
Magnússonar í íslenskum fræðum